




FRÉTTABRÉF SSNE

NÓVEMBER 2022

FRÁBÆR ÁRANGUR UMSÆKJENDA Á NORDURLANDI EYSTRA

Fyrr í vikunni staðfesti Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, tillögur valnefndar um verkefnastyrki til verslunar í dreifbýli. Í þetta skiptið var 30 milljónum króna úthlutað til verslunar í dreifbýli fyrir árin 2022 og 2023. Sjá má skiptingu milli landshluta á meðfylgjandi mynd.



Samkvæmt frétt á heimasíðu innviðaráðuneytisins er markmið styrkjanna að styðja við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum fjarri stórum byggðakjörnum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Framlögin eiga að bæta rekstur verslana og skjóta frekari stoðum undir hann, til dæmis með samspili við aðra þjónustu, breyttri uppsetningu í verslunum og bættri aðkomu.

Alls bárust ellefu umsóknir og samtals var sótt um kr. 41.549.550.

Verkefnin sem hlutu styrk á Norðurlandi eystra eru:

- **Pöntunarþjónusta Hafnartanga, Bakkafljóði.** Tilraunaverkefni um pöntunarþjónustu, framhald fyrra verkefnis frá 2019 sem er lokið. Verkefnið er styrkt um kr. 1.644.000.
- **Hríseyjarbúðin ehf.** Verslunin hlýtur styrk til kaupa á tækjum og búnaði og til rekstrar að upphæð kr. 4.730.000.
- **Verslun í Grímsey** hlýtur rekstrarstyrk að upphæð kr. 2.000.000.
- **Lágvöruverslunin Skerjakolla á Kópaskeri.** Verslunin hlýtur styrk vegna endurbóta á húsnæði kr. 2.826.000.
- **Verslunin Urð ehf., Raufarhöfn.** Verslunin hlýtur styrk til viðhalds á húsnæði, kr. 1.000.000 árið 2022 og kr. 1.500.000 árið 2023, alls 2.500.000 kr.

SSNE fagnar þessum góða árangri og óskar styrkhöfunum innilega til hamingju með árangurinn.

OPNUN STÉTTARINNAR Á HÚSAVÍK VERIÐ VELKOMIN!



Föstudaginn 9. desember n.k. mun Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, opna með formlegum hætti nýja aðstöðu þekkingarklasans á Hafnarstrétt 1-3 á Húsavík undir heitinu STÉTTIN.

Húsnæðið er í eigu Langaness ehf., sem hefur staðið straum af vönduðum endurbótum og tengibyggingu. Í tilefni þess að húseigendur munu nú afhenda síðasta hluta hins endurbætta húsnæðis til stofnana á sviði rannsókna, menntunar og nýsköpunar viljum við bjóða ykkur öllum að koma og

gleðjast með okkur þennan föstudag á aðventunni og kynna ykkur starfseminu í húsinu.

Forseti Íslands verður með ávarp kl. 16.15 í miðrými hússins og fulltrúar húseigenda og íbúa hússins kynna aðstöðuna stuttlega. Þá mun Valdimar Guðmundsson synja nokkur lög með hljómsveit sinni LÓN og söngkonunni RAKEL.

Í kjölfarið verður opið hús þar sem starfsfólk mun sitja fyrir svörum og kynna gestum aðstöðuna og starfseminu sem fram fer í húsinu.

Nánari upplýsingar má finna hér.

Öll velkomin!

STYRKJAUMHVERFIÐ

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjamöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Hér er styklað á stóru á þeim sjóðum sem eru opnir nú en fleiri umsóknarfresti má finna á [heimasíðu SSNE](#).

• Loftslagssjóður / 6. desember 2022 kl. 15

- Fyrir hverja? Aðila sem vinna að verkefnum sem hafa það að markmiði að draga úr losun.
- Til hvers? Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir m.a. til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við aðlögun og innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

• NordForsk / 8. desember 2022

- Fyrir hverja? Rannsóknarverkefni á velferð barna og ungmenna á Norðurlöndum eftir heimsfaraldur.
- Til hvers? Markmiðið er að styðja við rannsóknir sem auka þekkingu á hvernig er hægt að milda áhrif heimsfaraldursins á velferð barna og ungmenna.

• Betri Bakkafjörður: Frumkvæðissjóður Brotthættra byggða / 20. desember kl. 12

- Fyrir hverja? Verkefni sem styðja við markmið og framtíðarsýn í verkefninu Betri Bakkafjörður.
- Til hvers? Til að efla samfélagsinnviði, atvinnlíf, mannlíf og ímynd Bakkafjarðar.

• Frádráttur frá tekjum erlendra sérfræðinga / 31. desember 2022

- Fyrir hverja? Sérfræðinga sem koma til starfa hingað til lands frá og með 1. janúar 2017.
- Til hvers? Frádráttarheimildin felur í sér að heimilit er að draga 25% tekna frá tekjum, þ.e. 75% tekna viðkomandi sérfræðings eru tekjuskattskyldar, bæði í staðgreiðslu og við endanlega álagningu, fyrstu þrjú í starfi. Opið er fyrir umsóknir allt árið.

• Einkaleyfastyrkur / 31. desember 2022

- Fyrir hverja? Einstaklinga, háskóla, rannsóknastofnanir, lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Til hvers? Einkaleyfastyrkir eru annars vegar til að undirbúa og skila inn forgangsréttarumsókn og hins vegar að undirbúa og skila inn umsókn í alþjóðlegt ferli. Opið er fyrir umsóknir í einkaleyfastyrki allt árið.

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRK?

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

[SJÁ NÁNAR](#)

[Bóka viðtal hjá ráðgjafa](#)

MIKILVÆGAST AÐ FÆKKA EINBREIÐUM BRÚM Í VEGAKERFINU

Í nýrri netkönnun sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri framkvæmdi fyrir SSNE um innviði á Norðurlandi Eystra voru þátttakendur voru beðnir um að velja þær þrjár endurbætur á innviðum sem þeir teldu mikilvægastar á næstu árum.

Veldu þær þrjár endurbætur á innviðum sem þú telur mikilvægastar á næstu árum



Flestir þátttakenda völdu að fækka einbreiðum brúm, næst flestir að laga hættulega staði í vegakerfinu og þar á eftir að leggja bundið slitlag á malarvegi. Athygli vekur hve mikill munur er milli svara eftir búsetu. Til dæmis sögðu 90% íbúa Fjallabyggðar það mikilvægt að gera jarðgöng, en einungis 12% íbúa Húsavíkur og Norður-pingeyjarsýslu.

[Nánar má lesa um könnunina hér.](#)

OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL SÉRTÆKRA VERKEFNA SÓKNARÁÆTLANASVÆÐA

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

Landshlutasamtök sveitarfélaga geta í samstarfi við haghafa í hverjum landshluta sótt um framlög í samkeppnissjóð vegna verkefna sem nýstast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf með gerð viðaukasamninga við sóknaráætlanir viðkomandi landshluta um tiltekin verkefni eftir forgangs röðun heimafólks.

Veitt verður allt að 130 milljónum kr. fyrir árið 2023. Umsækjendur skulu taka mið af úthlutunarreglum innviðaráðherra og auglýsingu um styrkina.

Umsóknarfrestur er til miðnætis föstudagsins 20. janúar 2023. Umsóknir eru sendar með rafrænu umsóknareyðublaði. Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir og gerir tillögu til innviðaráðherra að úthlutun styrkja. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í febrúar 2023.

STÖRF ÁN STAÐSETNINGAR

Þó covid hafi ekki kætt marga þá var ýmis lærdómur úr faraldrinum sem mun gagnast okkur til framtíðar. Þar má nefna miklar framfarir í fjárfundatækni sem allt í einu varð aðgengileg öllum og gerði fólki í raun kleift að sinna fjölbreyttum störfum hvar sem það vill. Það hefur gert það að verkum að í dag er auðveldara en áður að velja búsetu eftir öðrum þáttum en endilega því hvar draumastarfið er staðsett.

Stjórnarráðið hefur á covid tímanum bætt sig umtalsvert hvað varðar störf án staðsetningar og mun vonandi halda áfram í þessa átt, en staðreyndin er að sérstaklega eru mörg ráðuneyttisstörf sem krefjast þess í raun ekki að starfsmenn séu staðsettir í Kvosinni. Sama á við um fjölmargar ríkisstofnanir en fyrir þá sem hafa áhuga mælum við að fylgjast vel með [Starfatorgi - laus störf hjá ríkinu](#).

Sömuleiðis viljum við auðvitað hvetja alla atvinnurekendur til að íhuga kosti þess að bjóða starfsfólki sínu að fjarvinna. SSNE og sveitarfélögin hafa mörg hver verið að



25. nóvember 2022

Viltu taka þátt í uppbyggingu innviða í náttúru Íslands? Verkefnastjóri...

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir
Sérfræðistörf

Viltu bæta í hóp framsýnna verkefnastjóra sem vinna að því að verja byggðir og skapa aðstöðu fyrir...



22. nóvember 2022

Verkefnisstjóri í alþjóðamálum

Forsætisráðuneytið
Án staðsetningar / Sérfræðistörf

Forsætisráðuneytið óskar eftir að ráða verkefnisstjóra í alþjóðamálum til starfa með alþjóðafulltrúa...



18. nóvember 2022

Störf við að móta nýtt fyrirkomulag tekna af samgöngum til framtíðar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Höfuðborgarsvæðið / Án staðsetningar / Sérfræðistörf

Við leitum að lausnamiðaðum sérfræðingum með áhuga á að taka þátt í að móta samgöngugjöld...

MEGUM VIÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN?

Starfsfólk SSNE vill gjarna kynnast starfandi fyrirtækjum á svæðinu betur og verður sérstök áhersla lögð á að heimsækja sveitarfélög, fólk og fyrirtæki á starfssvæðinu næstu mánuði.

Ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á að fá fulltrúa SSNE í heimsókn máttu gjarna hafa samband með því að senda póst á netfangið ssne@ssne.is og við finnum tíma sem hentar.

- EINSTÖK GESTRISNI Í GRÍMSEY - FERÐAMENN RÓMA EYJUNA OG ÍBÚA HENNA EN GAGNRÝNA SAMGÖNGUR MILLI LANDS OG EYJA

Í sumar fóru fram rannsókn á eðli og áhrifum ferðaþjónustu á samfélag og náttúru Grímseyjar með styrk frá Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey. Verkefnið var samstarfsverkefni Ferðamálaeildar Háskólans á Hólum (HH), Rannsóknarmiðstöðar ferðamála á Akureyri (RMF) og byggðaðróunarverkefnisins Glæðum Grímey. Áhersla var á samstarf við ferðaþjónustufólk og íbúa í Grímsey, auk þess sem verkefnisstjóri GLG, Arna Björg Bjarnadóttir tók þátt í að skipuleggja verkefnið og ferðamálafulltrúi hjá Akureyrarbæ, María Helena Tryggvadóttir var ráðgefandi aðili.

Markmið verkefnisins var að safnað gögnum um ferðamál í eyjunni í þeim tilgangi að undirbúa gerð áfangastaðaáætlunar fyrir Grímsey, í anda ábyrgrar stýringar ferðamála. Eyjan er einstök náttúruparadís sem laðar að sér sífellt fleiri áhugasama ferðamenn. Þórfín fyrir að þjónusta ferðafólk hefur að sama skapi aukist undanfarnin ár, meðal annars vegna auknum komum skemmtiferðaskipa. Á sama tíma hefur íbúum með fasta búsetu í eyjunni fækkað.

Ferðaþjónustufólk í Grímsey hefur haft áhyggjur af því að þessi þróun færi að hafa neikvæð áhrif á samfélagið og ekki síst náttúru eyjunnar. Innviðir hennar eru illa undir það búnir að taka á móti miklum fjölda ferðamanna og þolmörk eyjasamfélagsins takmörkum háð.

Auk styrks frá Frumkvæðissjóði fékkst stuðningur frá Rannsóknarsjóði Háskólans á Akureyri og Nýsköpunarsjóði námsmanna til verkefnisins. Nemandi í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum, Rita Tallárom vann að verkefninu með Laufeyju Haraldsdóttur frá HH og Ásu Mörtu Sveinsdóttur frá RMF, og fékk þar tækifæri til þess að spreyta sig á raunverulegu verkefni á því sviði sem hún er að mennta sig til. Um leið naut verkefnið góðs af samstarfinu.

Að mati Laufeyjar er helsti afrakstur verkefnisins að byggst hefur upp gott tengslanet hagaðila um þróun ferðaþjónustu í Grímsey og safnast hafa mikið af góðum gögnum sem nýtast til áframhaldandi þróunar ferðamála í eyjunni. Gögnin munu einnig koma að góðum notum fyrir svæðið í heild. Hún segir ferðamenn sem koma til Grímseyjar róma náttúru eyjunnar og einstaka gestrisni eyjaskeggja, en vilja greiðari aðgang að eyinni með tíðari flugferðum og farþegavænni ferjusiglingum.

Góður árangur verkefnisins hefur orðið til þess að þegar hefur verið lagður grunnur að áframhaldandi og útvíkuðu verkefni fyrir næsta ár. Verkefnisstýrur, þær Laufey og Ása Marta hyggjast nýta þá reynslu, þau gögn og það samstarfsnet sem til hefur orðið á verkefnistímanum og hafa þegar lagt grunn að áframhaldandi vinnu á sviði ábyrgrar eyjaferðaþjónustu á svæðinu.



BYGGÐASTOFNUN



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
NÁMSMANNA

SITJA GRÍMSEYINGAR Á GULLKISTU?

Sitja Grímseyingar á gullkistu? var yfirskrift málþings, sem byggðaðróunarverkefnið Glæðum Grímsey stóð fyrir á dögnum, í samstarfi við Háskólann á Hólum og Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd. Málþingið var í raun forsmekkur af íbúafundi sem haldinn var daginn eftir og liður í að hvetja til nýsköpunar.



Þórhildur María Jónsdóttir, verkefnisstjóri Vörusmiðju BioPol lýsti þeim tækifærum sem felast í fullvinnslu matvæla og þeirri

virðisaukningu sem hún skapar. Þá sagði hún frá starfsemi Vörusmiðjunnar, en um er að ræða vottað vinnslurými fyrir smáframleiðendur. Þess ber að geta að á haustdögum var Grímseyingurinn Mayflór valin með verkefni sitt, Scurvygrass Grímsey, í viðskiptahraðalinn Vaxtarrými og skömmu eftir málþingið nýtti hún aðstöðu BioPol á Skagaströnd við að þróa vörur úr skarfakáli.

Á málþinginu fjallaði Arna Björg Bjarnadóttir verkefnisstjóri Glæðum Grímsey um uppbyggingu áfangastaða og hvernig nýta megi skapandi hugsun til að ná fram sérstöðu og forskoti á markaði, en hún sagði m.a. frá reynslu sinni af uppbyggingu Óbyggðaseturs Íslands sem hún stýrði og rak síðan um árabíl. Þá kynnti Laufey Haraldsdóttir, lektor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum fyrstu niðurstöður úr rannsókn á meðal ferðamanna í Grímsey sumarið 2022, en skólinn stóð fyrir rannsókninni í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð ferðamála og byggðaðróunarverkefnið Glæðum Grímsey. Niðurstöðurnar eru afar áhugaverðar og varpa m.a. ljósi á vannýtt tækifæri og sóknarfæri í ferðaþjónustu eyjarinnar. Þær veita faglegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að vinna megi sértæka áfangastaðaáætlun fyrir Grímsey og aðgerðaplan til uppbyggingar sjálfbærrar ferðaþjónustu í eyjunni.

Málþingið var afar vel sótt og mikillar bjartsýni gætti, sem endurspeglar einnig í metfjölda umsókna frá Grímey sem bárust á dögum í Uppbyggingarsjóð Norðurlands Eystra.



173 UMSÓKNIR TIL AÐ AUKA NÝSKÖPUN, ATVINNU- OG MANNLÍF Á NORÐURLANDI EYSTRA

Fimm vikna umsóknarfresti í Uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar Norðurlands Eystra lauk þann 17. nóvember síðastliðinn. Að þessu sinni bárust 173 umsóknir sem er fjölgun frá síðasta ári þegar heildarfjöldi umsókna var 158.

Ráðgjafar SSNE voru á ferð og flugi þessar 5 vikur, bæði í raf- og lífrænum heimi. Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða við mótun á verkefnum sem og í átt að auknum gæðum umsókna.

Við yfirferð umsókna má sjá mikla breidd í þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru, en umsóknirnar skiptast í þrjá styrkjaflokka:

- 63 umsóknir bárust vegna verkefnastyrkja á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.
- 89 umsóknir bárust vegna verkefnastyrkja á sviði menningar.
- 21 umsókn barst vegna stofn- og rekstrarstyrkja á sviði menningar.


Úthlutunarnefnd fer yfir umsóknir og fylgigögn þeirra og metur eftir fyrirframúttefni matsblaði sjóðsins og áherslum Sóknaráætlunar. Nokkuð ljóst þykir að jólaestur þeirra muni vera gefandi, enda ávallt gaman að finna fyrir og sjá hugmyndaauðgi og framtakssemi mannaðsins í landshlutanum.

Frekari upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutaða styrki munu verða birtar að úthlutun lokinni en stefnt er að því að tilkynna um úthlutun í lok janúar.


Um umsýslu sjóðsins sjá Ari Páll (aripall@ssne.is), Elva (elva@ssne.is) og Hildur (hildur@ssne.is).



Fjöldi og tegund umsókna 2018-2023



Heildarfjárhæð umsókna eftir tegund 2018-2023



Bóka viðtal hjá ráðgjafa

KEA STYRKIR TVÖ MENNINGARVERKEFNI Á RAUFARHÖFN OG BAKKAFIRÐI

KEA afhenti styrki úr Menningar- og viðurkenningasjóði félagsins þann 1. desember og fór styrkúthlutunin fram í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Var þetta í 89. skipti sem veitt er úr sjóðnum. Úthlutað var 20,3 milljónum króna til 50 aðila. Að þessu sinni fengu tvö verkefni á norðausturhorni landshlutans styrki í flokknum menningar- og samfélagsverkefni.

Þórir Örn Jónsson hlaut 200 þús. kr. styrk til að halda tónlistarhátíðina Bakkafest á næsta ári. Bakkafest var haldin í fyrsta skiptið árið 2021 og er að festa sig í sessi sem árviss viðburður á Bakkafirði, íbúum og gestum til ánægju.

Þá fékk Heimskautagerðið á Raufarhöfn styrk vegna menningarviðburðar sem verið er að skipuleggja, leynd hvílir á því verkefni að sinni þar til það er að fullu fjármagnað. Nanna Höskuldsdóttir verkefnisstjóri SSNE segir að Raufarhöfn sé lítið sjávarþorp sem hugsar stórt og að verkefnið verði einstakt á heimsmælikvarða.

Óskum við þeim innilega til hamingju með stuðninginn og fögnum þessum verkefnum sem sannarlega koma til með að auka fjölbreytileika menningarframboðs á starfssvæði SSNE.



NÍU VERKEFNI KLÁRA VAXTARRÝMI NORÐANÁTTAR

Níu nýsköpunarteymi á Norðurlandi kláruðu nýverið viðskiptahraðalinn Vaxtarrými sem Norðanátt, hreyfiafl nýsköpunar á Norðurlandi, stóð að.

Vaxtarrými er átta vikna viðskiptahraðall með fókus á sjálfbærni, rammað inn af þemanu “mat, orka, vatn”, þar sem þátttakendur fá tækifæri til að efla sig og sín fyrirtæki og vaxa með vindinn í bakið.

Þetta er í annað sinn sem Norðanátt stendur fyrir hraðlinum. Vaxtarrými hófst 3. október en þátttakendur hafa síðastliðnar átta vikur fengið fræðslu, setið vinnustofur á Dalvík, Skagaströnd, Húsavík og Akureyri og tengst reynslumiklum aðilum víða úr atvinnulífinu á svokölluðum mentorafundum.

Lokaviðburður Vaxtarrýmis var haldinn með pompi og prakt fimmtudaginn 24. nóvember síðastliðinn í Listasafni Akureyrar þar sem nýsköpunarteymin stígu á stokk og kynntu verkefni sín fyrir fullum sal boðsgesta en um 80 manns sóttu viðburðinn og hlýddu á þeirra kraftmiklu kynningar.

Kolfinna María Nielsdóttir, verkefnastjóri Norðanáttar opnaði viðburðinn og stýrði dagskrá og í kjölfar hennar fóru Lára Halldóra Eiríksdóttir, stjórnarformaður SSNE, Katrín Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSVN og Sesselja Barðdal Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Eims með innblásturserindi.



Teymi Vaxtarrýmis 2022:

PELLISCOL - Íris Björk Marteinsdóttir & Ívar Örn Marteinsson: PellisCol ætlar að þróa náttúrulegar Spa húðvörur með íslensku kollageni og færa þannig kollagenið nær húðinni með áherslu á afslöppun og endurnýjun.

EARTH TRACKER - Jean-Pierre Lanckman: Earth Tracker answers the need for accurate climate impact study by developing high resolution models, online tools and localclimate adaptation strategies.

SKARFAKÁL ARCTIC CIRCLE - Mayflor Perez Cajés: Skarfakál Arctic Circle mun efla og fjölga atvinnutækifærum í Grímsey, nýta auðlindina, stuðla að nýsköpun og auka framleiðslu af nýju hráefni í matvælaframleiðslu á Íslandi.

AMC ROÐLEÐUR - María Dís Ólafsdóttir: Gríðarlegt magn af roði fellur til sem hliðarafurð frá sjávarútveginum, á sama tíma fyllast landfyllingar af endingarlitlum textíl. Með því að framleiða leður úr roði í stærri einingum má leysa þessi vandamál.

SNOÐBREIÐA - Kristín S. Gunnarsdóttir: Snoðbreiða er umhverfisvæn lausn unnin úr ull til notkunar við ræktun á matjurtum, blómum og öðrum gróðri.

LOGN - Vilhjálmur Jónasson: Landhreinsun og nýting.

GRÍÐUNGR - Hildur Leonardsdóttir & Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir: Gríðungr framleiðir hágæða húðvörur án allra skaðlegra efna úr nautatölg og íslenskum jurtum.

GRÆNAFL - Kolbeinn Óttarsson Proppé: Grænafl ehf. berst gegn loftslagsvánni með því að vinna að rafvæðingu strandveiðibáta og stuðla að orkuskiptum.

BURNIRÓT - María Eymundsdóttir & Pálmi Jónsson (Hulduland): Hágæðavara sem ræktuð er á sjálfbæran hátt, hefur jákvæð áhrif á andlega líðan og er orkugefandi.

Norðanátt byggir á hringrás nýsköpunar þar sem frumkvöðlar fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, vaxa og ná lengra. Hringrásin samanstendur af hugmyndasamkeppninni Norðansprotanum, viðskiptahraðlinum Vaxtarrými og fjárfestahátíð sem haldin er á Siglufirði á vorin.

Að Norðanátt standa Eimur, landshlutasamtökin SSNE og SSVN og stuðningsfyrirtækið RATA. Bakhjarl Norðanáttar er Umhverfis-, orku, og loftslagsráðuneytið.



KRISTÍN HELGA SCHIÖTH: Í NÆRMYND

Ertu með einhverja sturlaða staðreynd um þig?

Samkvæmt sögunni á eftirnafnið mitt að merkja 'skúta', þar sem forfeður mínir voru víst hollenskir skútusmiðir. Afkomendur þeirra fluttust síðar til Danmerkur þaðan sem nafnið barst hingað til lands þegar langalangafi og -amma mín leituðu tækifæra á Akureyri eftir ósigur Danmerkur um Slésvík-Holstein. Mér þykir afskaplega vænt um nafnið, þó mér hafi oft verið strítt á því sem barn, og sagan á bakvið það er skemmtileg.

Hvaða tækifæri sérð þú í landshlutanum?

Ég sé ekkert nema tækifæri hvert sem ég lít, hvort sem það er í atvinnuuppbyggingu, nýsköpun, eflingu menningar og lista eða í umhverfismálum. Svæðið á mikið inni sem áfangastaður fyrir ferðamenn, margt breytist með því að ferðamenn geti komið beint til Norðurlands og þar með eytt lengri tíma á svæðinu. Þá verður ákall eftir fjölbreyttari gistinguþjónustu, matsölu, afþreyingu og áfangastöðum sem við þurfum að bregðast við.

Það er mikill kraftur í fólkinu á svæðinu og í smærri byggðum þarf fólk oft að bera marga hatta. Því fylgir aðlögunarhæfni sem er mikill styrkleiki sem skyldi ekki vanmeta. Á svæðinu er einnig mikil hráefnaframleiðsla og ég sé mikil tækifæri í aukinni fullvinnslu hráefnis sem felur í sér aukna verðmætasköpun. Spenntust er ég þó fyrir möguleikum sem felast í innleiðingu hringrásarhagkerfisins í landshlutanum, ég held við höfum færi á að vera leiðandi í þeim efnum á landsvísi. Við ættum að vera óhrædd við að hugsa stórt og út fyrir kassann, koma lífrænum úrgangsstraumum í nýtingu og verð, draga úr allri sóun og nýta auðlindirnar okkar skynsamlega. Landshlutinn getur markað sér sérstöðu á þessu sviði og í því felast mikil tækifæri.

Af hverju eru umhverfismálin þér svona hugleikin?

Ég hef alltaf haft sterka náttúrutengingu, var í sveit öll mín sumur sem barn hjá ömmu og afa í Skagafirði og elska að sigla út Eyjafjörðinn með fjölskyldunni og fiska í soðið. Umhverfis- og loftslagsmál eru grunnurinn að öllu því sem á eftir kemur, þau eru forsenda þess að við getum átt og byggt lífvænlegt samfélag og að afkomendur okkar eigi möguleika á farsælu lífi. Ég stundaði þverfaglegt meistaranám í alþjóðaðfræðum við Árórsaháskóla hjá frábærum kennurum sem vörpuðu m.a. ljósi á tengsl mannréttinda og umhverfis- og loftslagsmála. Þar tvinnuðust þannig saman mín helstu hugðarefni. Eftirfarandi þykir svo eflaust klisjukennt en klisjur eru oftast til af ástæðu: Með móðurhlutverkinu fylgdi endanleg staðfesting á því að ég vildi nýta krafta mína á sviði umhverfismála og drengirnir mínir tveir eru mér dagleg áminning um að við þurfum að gera betur fyrir kynslóðirnar sem á eftir koma.

Hvernig væri fullkomin helgi að þínu mati og hvað tekur þú alltaf með þér í ferðalög?

Helgin byrjaði með föstudagspizzukvöldi heima ásamt góðum vinum og barnaskaranum okkar allra. Á laugardagsmorgni færu drengirnir í ömmu og afa-dekur og við hjónin settumst í góðan kaffibolla og bröns á Ketilkaffi. Þaðan keyrðum við svo út fjörðinn og skelltum okkur í sjóbað og í pottana á Hauganesi. Áfram héldum við á Hótel Siglufjörð þar sem við ættum bókað herbergi, röltum um bæinn og borðuðum marókkóskan mat á Hótel Siglunesi. Þrjónataskan mín væri með í ferðinni eins og alltaf. Við svæfum út á sunnudeginum áður en við næðum í börnin og skelltum okkur öll í sund saman á Dalvík. Fullkomið.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frítíma þínum?

Mér finnst skemmtilegast að eyða frítímanum mínum með fjölskyldu og vinum, bjóða í mat og kaffið og eiga gæðastundir með góðu fólki. Flest mín áhugamál snúa að matvælum og matargerð; ræktun matjurta, sjóstangveiðar, berjatínsla, sultugerð og bakstur. Svo er ég með græna fingur og byrja að sá fyrir sumarblómum strax í febrúar til að stytta biðina eftir vorinu, yfirleitt með hljóðbók í eyrunum.



GRÆN SKREF SVEITARFÉLAGANNA Á NORÐURLANDI EYSTRA?

Á nýju ári mun sveitarfélögum SSNE standa til boða að innleiða Græn skref í starfsemi sína. Græn skref Norðurlands Eystra munu byggja á verkefninu Græn skref í ríkisrekstri sem Umhverfisstofnun heldur utan um. Grænu skrefin eru orðin mörgum kunnug, enda skulu allar stofnanir ríkisins innleiða þau í starf sitt.

Grænu skrefin taka til margra helstu umhverfisþátta stofnanastarfsemi, s.s. samgangna, orkunotkunar, úrgangs, innkaupa, mótuneytisstarfsemi og kaffistofa, fundahaldi, viðburðum og miðlun og stjórnun.

Græn skref á Norðurlandi eystra munu byggja á Grænum skrefum í ríkisrekstri, en vera aðlöguð að starfsemi sveitarfélaga og með landsvæðið í huga. Innleiðing Grænna skrefa byggir á gátlistum sem vinnustaðir fara í gegnum og jafnt og þétt byggist upp vandað umhverfisstjórnunarkerfi, sem er síðan skjalfest í fimmta og seinasta skrefinu.

Starfsfólk SSNE vonast eftir því að verkefninu verði vel tekið af sveitarfélögum og að það muni aðstoða þau við að uppfylla lögbundnar skyldur í umhverfismálum.

Frekari upplýsingar um verkefnið munu birtast á nýju ári og boðað til kynningarfundar. Ef spurningar vakna í millitíðinni má beina þeim til Kristínar Helgu; kristinhelga@ssne.is





Ágrip frá framkvæmdastjóra

Og aftur er komið að jólum!

Það er svo merkilegt hvað tíminn líður hratt á þessum síðustu dögum ársins. Það hefur verið nóg að gera síðustu vikur hjá SSNE. Uppbyggingarsjóður Sónaráætlunar Norðurlands eystra var með umsóknarfrest í lok nóvembermánaðar og eins og kemur fram hér fyrir í fréttabréfinu þá kom næstmesti fjöldi umsókna frá upphafi og hver umsókninn annarri flottari. Það er því heilmikið verk framundan hjá úthlutunarnefndinni að yfirfara umsóknir, en úthlutun mun væntanlega eiga sér stað í lok janúar.

Því tengt þá erum við á sama tíma að auglýsa eftir áhersluverkefnum fyrir SSNE. Á aukapingi okkar sem haldið var nú í byrjun desember forgangsríðuðu þinggestir markmiðum Sónaráætlunar Norðurlands eystra fyrir stjórn SSNE að leggja áherslu á árið 2023. Þannig var fremst í flokki markmiðið *Efla fjölbreytt atvinnulíf og stuðla að nýsköpun á öllu svæðinu* innan atvinnuþróunar og nýsköpunar. Innan menningar rataði markmiðið *Tryggja fjölbreytileika menningarstarfs með áherslu á aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi* efst, og að lokum var markmiðið *Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum* efst í umhverfismálum. Við hvetjum öll til að hafa samband við okkur, ekki síst ef þið eruð með hugmynd að áhersluverkefni sem tengist þessum markmiðum. Upplýsingar um áhersluverkefni má nálgast [hér](#).

Þá hafa umhverfismálin verið ofarlega á baugi hjá okkur, en þessa dagana er starfsfólk okkar að safna saman athugasemdum sveitarfélgaða við svæðisáætlun í úrgangsmálum, en þar er enn heilmikil vinna framundan varðandi framtíðarskipan úrgangsmála í landshlutunum, ekki síst hjá sveitarfélögunum sjálfum en SSNE leikur stórt hlutverk varðandi samræmingu ákvarðana og mögulega fleira, en það skýrist betur á næsta ári. Ég vek einnig sérstaka athygli á að SSNE ætlar að bjóða sveitarfélögunum að stíga grænu skrefin með okkur á næsta ári, en það er verkefni sem er byggt á Grænum skrefum í ríkisrekstri sem er orðið vel þekkt verkefni.

Annars vil ég að lokum þakka samfylgdina á þessu góða ári, en næsta fréttabréf kemur út í byrjun janúar. Við hjá SSNE óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og vonum að þið njótið aðventunnar og jólahátíðarinnar á þann hátt sem ykkur líkar best. Munið bara að jólin koma hvað sem hreinum gólfum eða stærð þakanna líður. Númer eitt tvö og þrjú er að leyfa sér að taka tíma til að slaka á og njóta.

Gleðileg jól!



Hátíðarkveðjur

FRÁ STARFSFÓLKI SSNE

